

Gera þarf grein fyrir bólusetningastöðu nemenda í Ískrá, þ.e. hvort nemendur séu með fullnægjandi eða ófullnægjandi bólusetningar eða hvort bólusetningum hafi verið hafnað.

Við nýskráningu nemenda [skoðar Ískrá](#) bólusetningar þeirra og [merkir bólusetningastöðuna](#) ,FULLNÆGJANDI' eða ,ÓFULLNÆGJANDI'.

Skólahjúkrunarfræðingar þurfa hins vegar að breyta ,ÓFULLNÆGJANDI' í ,FULLNÆGJANDI' þegar nemandi hefur fengið viðeigandi bólusetningar. Einnig þurfa skólahj.fr. að merkja ,HAFNAÐ' eða ,HAFNAÐ AÐ HLUTA' hjá þeim nemendum þar sem forráðamenn hafa óskað eftir því. Í þeim tilfellum þarf einnig að [skrá höfnun](#) á viðkomandi bólusetningu og [skrá samskipti](#).

Hægt er að skrá bólusetningastöðu nemenda á tveimur stöðum í Ískrá

○ [Heilsufarsskrá nemanda](#)

○ [Ónæmisaðgerðarglugga nemanda](#)

- Farið er í örina fyrir aftan ,Bólusetningar' og viðkomandi bólusetningastaða valin
- Staðan er skráð á öðrum hvorum staðnum, þ.e. annað hvort í heilsufarsskrá eða ónæmisaðgerðarglugga og þá breytir Ískrá á hinum staðnum í samræmi.

Valið er:

- **FULLNÆGJANDI** ef nemandi hefur fengið allar bólusetningar miðað við aldur [skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis](#).
- **ÓFULLNÆGJANDI** ef einhverja bólusetningu vantar ⇒ skrá samskipti með hjúkrunarviðfangsefninu ,Ófullnægjandi Ónæmisaðgerð' og fylgja eftir að barnið verði fullnægjandi bóluset.
- **HAFNAÐ AÐ HLUTA** ef forráðamaður hefur óskað eftir því að barn þess fái ekki ákveðna bólusetningu ⇒ [skrá samskipti](#) og [skrá höfnun](#) á viðkomandi bóluefni.
- **HAFNAÐ** ef forráðamaður hefur óskað eftir því að barn þess fái engar bólusetningar ⇒ [skrá samskipti](#) og [skrá höfnun](#) á öllum bóluefnum.